

2015

Árbók Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands

STARFSFÓLK KENNSLUMIÐSTÖÐVAR HÍ

KENNSLUMIÐSTÖÐ HÍ | Aragötu 9, 101 Reykjavík, s. 525 4447, kemst@hi.is, www.kemst.hi.is

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Mannauður	2
Útgáfa og vefur	3
Tímarit Kennslumiðstöðvar	3
Leiðbeiningar	4
Vefur Kennslumiðstöðvar	4
Samfélagsmiðlar	4
Ráðstefnur og erlent samstarf	4
Menntakvika	4
Heimsóknir	5
Þjóðarspegill	6
Nordic-Baltic Network in Higher Education Development	7
Kennslumálþing	7
Skönnun prófa	8
Ritstuldarvarnir - Turnitin	9
Námsumsjónarkerfi	11
Moodle	11
Ugla	11
Upptökur	12
Nýtt upptökukerfi	12
Upptökuver og –klefar	12
Diplómanám í kennslufræði háskóla	13
Kennsluþróun og námskrá	16
Námskrá Kennslumiðstöðvar 2015	16
Samstarf við fræðasvið	18
Stofnfundur samtaka um kennsluþróun á háskólastigi	19
Þróunarverkefni og -ráðgjöf	19
Vinna vegna sjálfsmats Háskóla Íslands	19
Nefndir og ráð	20
Samstarf	20
Stefnumótun og framtíð	22

Inngangur

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands hefur nú lokið fjórtánda starfsári sínu, en hún var stofnsett árið 2001. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum tíma og starfsemin aukist og breyst. Það var því sameiginleg ákvörðun starfsmanna að mikilvægt væri að gefa yfirlit yfir starfsemina, bæði til að draga fram fjölbreytni hennar en ekki síður til að halda reynslu til haga og nýta til frekari þróunar. Hér getur að líta yfirlit yfir starfsemi miðstöðvarinnar árið 2015 en þetta er í fyrsta skipti sem formleg ársskýrsla Kennslumiðstöðvar kemur út.

Mannauður

Starfsmönnum Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands hefur fjölgað frá fyrri árum og eru nú tíu í 9,6 starfsgildum. Nýir starfsmenn á árinu eru Ása Björk Stefánsdóttir kennslufræðingur og Bjarnís Fjóla Jónsdóttir upplýsingatæknifræðingur. Að auki starfa við miðstöðina Anna Kristín Halldórsdóttir verkefnastjóri, Elva Björg Einarsdóttir verkefnastjóri, Grettir Sigurjónsson tæknistjóri, Guðrún Geirsdóttir dósent á Menntavísindasviði og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar, Gústav K. Gústavsson tækniamaður, Rúnar Sigurðsson verkefnastjóri og Sigurður Jónsson verkefnastjóri. Nanna H. Grettisdóttir fulltrúi er ráðin tímabundið til að sinna tækniþróun og aðstoð.



Mynd 1. Starfsfólk Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands. Mynd Kristinn Ingvarsson.

Útgáfa og vefur

Tímarit Kennslumiðstöðvar

Tímarit Kennslumiðstöðvar HÍ kom út í fjórða skipti í október. Heiti blaðsins var breytt úr Fréttablað Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands yfir í Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands og kemur það út undir því heiti í fyrsta skipti nú í ár. Tímaritið er 39 bls. og þar er að finna greinar um kennsluþróun og kennslutengd efni, s.s. um starfsemi Kennslumálanefndar, notkun rafmyntar til að hvetja nemendur til náms, eflingu samræmdra kennsluhátta í Hjúkrunarfræðideild, umsjónarkerfi í þjóðfræði, finnska módelið í kennsluþróun á fræðasviðum, kennsluvettvang Stjórn málafræðideildar, hópleiðsögn í meistaraverkefnum, náms- og kennslumálanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands, stuðning ritvers við stúdenta, viðtal við nýkjörinn rektor Jón Atla Benediktsson, Instagram sem kennslutæki, námskeiðsmat og endurgjöf frá sjónarhóli National Union of Students í Bretlandi (NUS), viðtal við Magnús Diðrik Baldursson gæðastjóra HÍ um sjálfsmatsferli háskólans, pistla frá kennslunefndum og –ráðum sviða, þátttöku nemenda í miðmísseriskönnun, diplómanám í kennslufræði háskóla, grósku í upplýsingatækni, umbótastarf með nemendum og kennurum Stjórn málafræðideildar 2010-2015 og fréttir af kennslutengdum viðburðum. Kennarar skólans, nemendur og starfsfólk Kennslumiðstöðvar eru höfundar efnis - og er ánægjulegt að sjá hvernig skrif þeirra endurspeglar þróun kennsluhátta við háskólann og aukinn áhuga á kennslu.



Mynd 2. Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands

Í ár fékk Kennslumiðstöð sérstaka fjárveitingu til að láta hanna sniðmát að blaði og samræma og hanna útlit þess. Þó að upp sé runninn tími rafrænna miðla teljum við mikilvægt að dreifa tímaritinu sem víðast um HÍ og til annarra háskóla og stofnana og höfum séð að slík dreifing vekur athygli á starfsemi miðstöðvarinnar sem og umræður um kennsluhætti. Tímaritið er einnig að finna í rafrænu formi á vef Kennslumiðstöðvar, www.kemst.hi.is. Með tímaritunum verður jafnframt til góður upplýsingabanki um kennslutengd verkefni sem vísa má í og þannig dreifa upplýsingum um áhugaverða starfshætti.


Leiðbeiningar

Gerð leiðbeininga af ýmsu tagi er liður í fræðslustarfi Kennslumiðstöðvar. Leiðbeiningar voru gerðar fyrir Panopto, nýtt upptökuforrit við Háskóla Íslands. Um er að ræða hvoru tveggja leiðbeiningar á spjaldi og á vef. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Kennslumiðstöðvar, www.kemst.hi.is.

Vefur Kennslumiðstöðvar

Vefur Kennslumiðstöðvar www.kemst.hi.is er í stöðugri þróun. Unnið hefur verið að því að breyta útliti hans og uppfæra. Lögð hefur verið áhersla á að vefurinn hafi skráningarkerfi fyrir skráningar á námskeið sem hægt er að halda utan um í gagnagrunni.

Eins og sjá má - á mynd 3 - hefur innlitum á vefinn fjölgað talsvert og að meðaltali eru heimsóknir á dag milli 50 og 60 en topparnir ná upp í yfir 100-200 heimsóknir inn á síðuna á dag við stærri viðburði.



Mynd 3. Notkun vefs Kennslumiðstöðvar árið 2015

Gagnger endurskoðun á útliti vefs og uppsetningu stendur fyrir dyrum á næsta ári en þá verður vefurinn uppfærður og farið yfir allt efni auk þess að birta enska útgáfu af vefnum.

Samfélagsmiðlar

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands hefur verið á Facebook síðan 2014 og á Twitter, Pinterest og Instagram síðan 2015. Miðstöðin telur mikilvægt að vera sýnileg á þennan hátt og segja fréttir af starfsemi sinni. Kennslumiðstöð kannar möguleika á því hvernig hægt er að nota samfélagsmiðla í kennslu og kennsluþróun og miðla því áfram til kennara.

Ráðstefnur og erlent samstarf

Menntakvika

Menntakvika var haldin 2. október. Menntakvika er ráðstefna Menntavísindasviðs um menntamál og þar eru kynntar rannsóknir þeim tengdar. Í ár var Kennslumiðstöð Háskóla Íslands með tvær málstofur þar sem kynntar voru rannsóknir sem unnar hafa verið í námskrárgerð og kennslu á háskólastigi:

Ása Björk Stefánsdóttir, verkefnastjóri Kennslumiðstöð HÍ. *Upplifun háskólakennara á því að kenna í fyrsta sinn í fjarnámi.*

Bryndís Eva Birgisdóttir, dósent HVS HÍ. *Námskrárgerð: Hefur einhver tíma í hana?*

Geir Sigurðsson, dósent HUG HÍ. *Umbreytandi sjálfsgagnrýni: Um gagnrýna hugsun í menntaheimspeki konfúsíanismans.*

Guðrún Geirsdóttir, dósent MVS HÍ og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar HÍ. *Er hægt að leggja mat á gæði kennslu?*

Júlía Hreinsdóttir, fagstjóri á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. *Rannsóknir á námskrárgerð og kennslu á háskólastigi. Greining á frammistöðu nemenda og kennsluháttum í táknafræði.*

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, lektor HVS HÍ. *Efling samræmdra kennsluhátta í Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands – Verðleikagreining.*

Þórunn Sigurðardóttir, kennari LHÍ. *Er gjá á milli leikhúsanna og leiklistarnámsins?*

Anna Ólafsdóttir, dósent HA. *„Góð háskólakennsla er í mínum huga kennsla þar sem nemendur hrífast með og eru virkir gerendur og þátttakendur í eigin menntun“*



Mynd 4. Bryndís Eva Birgisdóttir dósent við Matvæla- og næringarfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði hélt erindi um rannsókn sína um námskrárgerð á málstofu um háskólakennslufræði á Menntakviku. Mynd Kristinn Ingvarsson.

Heimsóknir

Kennslumiðstöð fékk margar heimsóknir í ár. Á vegum Erasmus+ verkefnisins komu tveir aðilar á vordögum. David Corello Martinez verkefnastjóri við háskólann í Alicante á Spáni kom í mars til að kynna sér Moodle og innleiðingu þess í háskólum. Hann deildi með okkur þekkingu af upplýsingatækni ýmiss konar og í lok veru hans var haldinn fyrsti UT-dagur Kennslumiðstöðvar, en hann byggist upp á því að fólk deilir reynslu af notkun á upplýsingatækni í kennslu. Stuttu síðar, í maí, kom Suzanne Stone verkefnastjóri frá Dublin City University á Írlandi í heimsókn. Sérvið Suzanne er Adobe Connect fjarfundakerfið, Moodle og upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu. Suzanne hélt námskeið um Adobe Connect og var með okkur á öðrum UT-degi Kennslumiðstöðvar hvar hún kynnti m.a. Project252 (project252.donenda.com) sem er vefsíða með upplýsingar um upplýsingatækni sem notuð er í kennslu.

Í byrjun júní kom dr. Lane Perry frá College of Education at Western Carolina University og kynnti samfélagsmiðað nám á háskólastigi fyrir starfsmenn háskólans. Samfélagsmiðað nám vísar til ýmiss konar skipulagðra verkefna í námskrá háskóla þar sem nemendum gefst kostur á að vinna að verkefnum í þágu samfélagsins.

Í ágúst kynnti Bart Verswijvel frá European Schoolnet skólastofu framtíðarinnar fyrir starfsmenn háskólans. Notkun samfélagsmiðilsins Twitter í rannsóknum og kennslu var aðaláhersla Bart en einnig kynnti hann aðra upplýsingatækni sem nýta má á þessu sviði.

Í tengslum við fund Nordic-Baltic Network for higher education pedagogy kom Torgny Råxö frá Kennslumiðstöð Verkfræðisviðs háskólans í Lundi í Svíþjóð í heimsókn og hélt m.a. kynningarfund fyrir stjórnendum háskólans um leiðir sem farnar eru við Lundarháskóla við að meta kennslu til framgangs í starfi.



Mynd 5. Kate Little starfsmaður National Union of Students í Bretlandi (NUS) heimsótti Kennslumiðstöð í tengslum við Kennslumálaping Háskóla Íslands í febrúar. Með henni á myndinni t.v. er Eyrún Fríða Árnadóttir fulltrúi í náms- og kennslumálanefnd SHÍ. Mynd EBE.

Þjóðarspegill

Þjóðarspegill, ráðstefna um rannsóknir í félagsvísindum var haldin 30. október.

Anna Ólafsdóttir hélt þar erindið „Það dugar skammt að vita hvað eru góðir kennsluhættir ef þú hefur ekki efni á þeim“. Elva Björg Einarsdóttir og Guðrún Geirsdóttir voru með erindi um „Hvað eru eiginlega fjölbreyttir kennsluhættir?“ Þær byggðu erindi sitt á rannsóknum á meðal nemenda um fjölbreytta kennsluhætti.

Nordic-Baltic Network in Higher Education Development

Þann 24.-25. nóvember stóð Kennslumiðstöð Háskóla Íslands fyrir árlegum samstarfsfundi *Nordic-Baltic Network in Higher Education Development* í Háskóla Íslands. Samtökin eru regnhlífarsamtök fólks sem starfar að kennsluþróun á háskólastigi á Norðurlöndum og í baltnesku löndunum. Fundurinn bar yfirskriftina *Crossing waters*. Kennsluþróarar litu inn á við á fundi sínum og spurðu sjálfa sig: *Hver erum við?* og *Hvernig getum við metið og sýnt fram á að vinna okkar beri árangur?* Að auki voru flutt erindi um kennsluþróun. Um fjörutíu manns mættu á fundinn frá öllum Norðurlöndunum, Eistlandi og Lettlandi að ógleymdum Íslendingunum sem fjölmenntu frá flestum háskólum landsins.



Mynd 6. Þátttakendur í *Nordic-Baltic Network in Higher Education Development* voru frá Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Litháen, Eistlandi og Íslandi. Mynd Kristinn Ingvarsson.

Kennslumálalag

Kennslumiðstöð tók þátt í undirbúningi og skipulagningu kennslumálalags 2015 líkt og síðastliðin fjögur ár ásamt Stúdentaráði Háskóla Íslands, kennslumálanefnd og gæðanefnd. Að þessu sinni var áherslan á námsmat og endurgjöf og bar þingið yfirheitið „Af hverju fékk ég sjö?“.

Kate Little frá National Union of Students í Bretlandi (NUS) var aðalfyrirlesari þingsins, en auk hennar héldu Börkur Hansen formaður kennslunefndar háskólaráðs og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður Félagsvísindastofnunar erindi um námsmat við skólann. Að loknum erindum voru umræður um ólíkar hliðar námsmats.



Mynd 7. Kennslumálalöping Háskóla Íslands var haldið í febrúarlok. Þetta árið var námsmat og endurgjöf sérstaklega til umræðu undir heitinu „Af hverju fékk ég sjö?“.

Skönnun prófa

Skönnun krossprófa hefur nær staðið í stað á milli ára, 320 próf voru skönnuð hjá Kennslumiðstöð 2014 og níu fleiri árið 2015. Skönnunin dreifist aftur á móti jafnar yfir misserin og færri próf eru í desember árið 2015 en fyrri ár.

Reikningar fyrir skönnun voru sendir út á milli jóla og nýárs og nemur fjárhæð vegna skönnunar rúmlega tveimur milljónum króna á árinu.

Skönnun prófa flyst yfir til Nemendaskrár Háskóla Íslands í janúar 2016 eftir að hafa verið í Kennslumiðstöð í rúman áratug. Síðari árin hefur Anna Kristín Halldórsdóttir unnið við skönnunina en snýr sér nú að öðrum verkefnum innan miðstöðvarinnar.

Ritstuldarvarnir - Turnitin


Notkun ritstuldarvarnaforritsins Turnitin hefur aukist jafnt og þétt. Árið 2012 voru 1.952 verkefni sett í Turnitin en 2015 voru þau 11.310. Mest er aukningin á meðal stúdenta, en árið 2015 notuðu 5.994 stúdentar Turnitin. Í um helmingi deilda eru öll lokaverkefni sett í Turnitin, en kennarar í öllum deildum nota Turnitin að einhverju marki.

Sigurður Jónsson hefur þjónustað kennara og nemendur vegna forritsins en margar deildir og fræðasvið eru með umsjón með verkefnaskilum í Turnitin sjálf. Félags-, Heilbrigðis- og Menntavísindasvið eru með umsjónaraðila í deildum sem sjá um, í samstarfi við Sigurð, að lokaverkefni séu skoðuð með Turnitin og í sumum tilvikum aðstoða kennara við önnur verkefni. Þessi þjónusta er ekki til staðar á Hug- og Verkfræði- og náttúruvísindasviðum. Gott væri að þjónustuaðilar væru á öllum fræðasviðum og mikilvægt að stefna að því að svo verði. Víða í skólanum eru vinnulagsnámskeið þar sem fjallað er sérstaklega um heiðarleika og ritstuld og vænlegt að fjalla um forritið í tengslum við slík námskeið.



Mynd 8. Sigurður Jónsson hefur yfirumsjón með ritstuldarvörnum fyrir Háskóla á Íslandi. Mynd EBE.


Reglur um ritstuld eru ekki að öllu leyti samræmdar yfir háskólann, enda þarfir mismunandi eftir fræðasviðum og deildum. Þó eru sameiginlegar grunnreglur um ritstuld sem segja til um hvaða aðilar eigi að taka á ritstuldi, en deildir og fræðasvið geta haft nánari viðmið um viðbrögð og viðurlög. Hugvísindasvið hefur t.d. samræmt reglur um ritstuld fyrir fræðasviðið og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (DET) er með ítarlegar reglur varðandi ritstuld og viðbrögð kennara þegar ritstuldur kemur upp. Grunnreglur um ritstuld er að finna í Kennsluskrá.



Mynd 9. Notkun á Turnitin-ritstuldarforritinu í Háskóla Íslands frá upphafi árið 2012 og út árið 2015. Sjá má að notkun vex jafnt og þétt á meðal bæði kennara og nemenda.

Misjafnt er eftir fræðasviðum háskólans hvernig Turnitin er notað og fer þá ekki endilega saman notkun kennara og notkun nemenda.

Miðað við aðra háskóla í landinu er Háskóli Íslands með meðalnotkun á Turnitin. Á mynd 10 hefur hver háskóli í landinu sína súlu sem sýnir hlutfall verka sem sett hafa verið í Turnitin miðað við fjölda stúdenta í skólanum árið 2013.



Mynd 10. Háskóli Íslands er stærsti notandi Turnitin en einnig stærsti skólinn (67,1% nemenda á háskólastigi eru í HÍ og þeir skila 67,6% allra verka í Turnitin). Sé miðað við stærðarhlutfall skóla er þetta myndin sem við blasir. Sumir skólar hafa það sem reglu að setja lokaverkefni inn í Turnitin en svo er alls ekki alls staðar.

Námsumsjónarkerfi

Moodle

Tvær uppfærslur voru gerðar á námsumsjónarkerfinu Moodle í lok starfsárs : 1) 23. des. 2015 var háskólabemað tekið út úr kerfinu og „standard“ Moodle-þema sett í staðinn. Þetta var gert til að auðvelda breytingar á kerfinu. 2) Öryggisuppfærsla var gerð 28. des. 2015 til að draga úr vandkvæðum sem verða vegna mismunandi vafra (breytingar á „tögum“).

Moodle er núna notað í 481 námskeiði og skráðir notendur í kerfinu eru 9.613, þar af 587 kennarar og 7.135 nemendur. Moodle er notað bæði fyrir námskeið og utanumhald um stærri verkefni eins og lokaverkefni.

Moodle-teymi er starfandi en í því eru fulltrúar Menntavísindasviðs og Hugvísindasviðs auk starfsfólks Kennslumiðstöðvar. Teymið skipa Áslaug Björk Eggertsdóttir verkefnastjóri á Menntavísindasviði, Bjarndís Fjóra Jónsdóttir verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð, Bernharð Antoníussen verkefnastjóri á Hugvísindasviði, Gústav K. Gústavsson tæknimaður hjá Kennslumiðstöð og Rúnar Sigurðsson verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð. Teymið fundar mánaðarlega og ráðgerir breytingar og viðbætur auk þess að ræða stöðu mála. Teymið er mikilvægt í framþróun Moodle innan skólans og þjónustu við fræðasvið í þeim efnum. Þróunin fer fram þar.

Kennslumiðstöð aðstoðar við uppsetningu á Moodle námskeiðsvefjum og hvernig þeir eru best upp byggðir samkvæmt kennslufræðilegu sjónarhorni. Kennslumiðstöð heldur námskeið í Moodle og heldur úti leiðbeiningavef með skriflegum leiðbeiningum og myndskreiðum á vef miðstöðvarinnar www.kemst.hi.is. Önnur aðstoð við kennara er í gegnum síma og tölvupóst. Þá eru sum námskeið flóknari en önnur og kennarar mæta á fundi og ræða uppsetningu og notkun. Kennslumiðstöð reynir eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir kennara í uppsetningu námsvefja og þróun þeirra. Því skiptir miklu máli að fræðasvið hafi aðila í Moodle-teymi.

Námsumsjónarkerfi skólans eru kynnt á kynningardegi fyrir nýja kennara við upphaf og lok haustmíssis. Þar eru notkunarmöguleikar kerfanna kynntir og hver munurinn er á því að nota Moodle-eða Uglu-námskeiðsvef.

Ugla

Allir nemendur háskólans eru skráðir í Uglu og líta má á Uglu sem grunnnámsumsjónarkerfið. Ugla heldur utan um upplýsingar um alla nemendur og kennara. Margir kennarar nýta sér eingöngu námsumsjónarkerfi Uglu og er um 2/3 hluta námskeiða við skólann eingöngu að finna þar. Mismunandi er hvernig kennarar nota námsumsjónarkerfin og eru þó nokkur dæmi um að þeir noti Uglu til utanumhalds um námskeið sín en skipuleggi próf fyrir nemendur í Moodle. Þá nýtir stór hluti kennara sér Moodle eingöngu fyrir námskeið sín.

Kennslumiðstöð aðstoðar kennara við notkun á Uglu eftir þörfum og námsumsjónarkerfið er kynnt kennurum líkt og fyrr segir.

Upptökur

Nýtt upptökukerfi

Á vordögum var tekið upp nýtt upptökukerfi í stað eMission sem háskólinn hefur lengi stuðst við. Panopto-upptökukerfið varð fyrir valinu þar sem það þótti henta best til þeirrar notkunar sem skólinn þarf. Kerfið býður upp á marga möguleika, en það að taka upp, streyma beint og setja inn á námskeið í Uglu eða Moodle eru þær aðgerðir sem mestu máli skipta fyrir kennara og starfsmenn háskólans. Á sama tíma og skipt var um kerfi var einnig keyptur nýr netþjónn til að auka gæði og hraða.

Panopto er þrískipt. Í fyrsta lagi er upptökuhlutinn sem er forritið á öllum tölvum í kennslustofunum og allir kennarar geta fengið á sína eigin tölvu, síðan er það tengingin við Uglu og Moodle sem er í raun bara aðgangsstýring og loks vefhlutinn sem allir sem hafa rétt til að taka upp fá aðgang að.

Umsjónarmenn húsa sjá um frumþjónustu við Panopto í sínum húsum, s.s. að koma á upptökum, en tæknimaður og –stjóri sjá um frekari þjónustu, t.d. ef upptökur glatast og því um líkt. Upptökukerfið er notað í Háskóla Íslands, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Hólaskóla og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. 528 aðilar nota Panopto sem upptökukerfi. Notendur eru 21.824, þ.e. nemendur og kennarar í 1.465 námskeiðum. Upptökur á árinu eru 6.216 og áhorf eru 189.362. Mestur hluti þessarar notkunar er innan Háskóla Íslands.

Kynningar voru á Panopto í vor og haust fyrir starfsfólk Háskóla Íslands og var vel mætt á þær, 133 manns. Útbúnaðar voru leiðbeiningar með kerfinu sem settar voru í allar kennslustofur. Einnig er hægt að nálgast leiðbeiningarnar á netinu: <https://kennslumidstod.hi.is/index.php/netnam/panopto>.

Upptökuver og –klefar

Háskóli Íslands er með upptökuver á Menntavísindasviði og í Odda, að auki er hljóðklefi í Kennslumiðstöð að Aragötu 9. Til stendur að opna nýtt upptökuver í Neshaga 16 1. hæð í janúar 2016. Kennarar geta pantað tíma til upptöku hjá Kennslumiðstöð HÍ. Umsjónarmaður upptökuvers á Menntavísindasviði er Gústav K. Gústavsson tæknimaður. Hljóðklefi á Menntavísindasviði er mikið notaður, um 370 bókanir voru í hann árið 2015. Upptökuver á Menntavísindasviði er einnig töluvert notað bæði af nemendum og kennurum í upptökur og klippingar á efni í hljóð- eða myndvinnslu, hvoru tveggja í hópvinnu eða sérverkefnum. Notkun þess er þó ekki stöðug og fer nokkuð eftir árstíðabundinni sveiflu verkefna í skólanum þar sem upptökuverið er bókað frá morgni til kvölds og færri komast að en vilja suma daga á meðan rýmra er um bókanir aðra daga.

Grettir Sigurjónsson tæknistjóri sér um upptökuverið í Odda og á Neshaga og starfsmenn Kennslumiðstöðvar á Aragötu sjá um aðstoð við hljóðupptökur á Aragötu. Upptökuver í Odda var nýtt að meðaltali tvisvar til þrisvar í mánuði árið 2015 en auk þess fer kennsla fram í kjallara Odda þar sem upptökuverið er staðsett.

Kennarar nýta sér hljóð- og myndupptökur t.d. í vendikennslu. Með vendikennslu er átt við að námsferlinu er snúið við, kennarar taka upp stutta fyrirlestra sem nemendur hlusta eða horfa á heima og mæta í kennslustundir og vinna að verkefnum með stuðningi kennara. Kennsluaðferðin hefur verið töluvert nýtt við Háskóla Íslands og nemendur og kennarara verið ánægðir með útkomuna.



Mynd 11. Upptökuver er í kjallaranum í Odda. Mynd BFJ.

Diplómanám í kennslufræði háskóla

Námsleið um háskólakennslu var stofnuð á Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2010 í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Námsleiðin er ætluð starfandi háskólakennurum. Í námsleiðinni eru þrjú tíu eininga námskeið:

KEN212F Inngangur að kennslufræði á háskólastigi
KEN103F Skipulag námskeiða, námsmat og mat á eigin kennslu
KEN004F Kennsluþróun og starfendarannsóknir

Skipulag námskeiðanna þriggja og kennsluhættir byggja á hugmyndum um fræðimennsku í kennslu og taka mið af sambærilegum erlendum námsleiðum. Meginmarkmið náms í háskólakennslufræði er að efla hæfni háskólakennara til að skipuleggja nám og kennslu á faglegan hátt og vekja þá til umhugsunar um eigin kennsluhætti. Lögð er áhersla á að viðfangsefni séu hagnýt og tengd kennslu þátttakenda. Þátttakendur fá tækifæri til að ræða reynslu sína af kennslu og skoða og leggja mat á kennslu jafningja.


Diplómanám í háskólakennslufræði er skipulagt sem tveggja ára nám með kennslu. Þátttakendur ljúka *KEN212F Inngangur að kennslufræði á háskólastigi* á haustmíssi, *KEN103F Skipulag námskeiða, námsmat og mat á eigin kennslu* á vormíssi og taka *KEN004F Kennsluþróun og starfendarannsóknir* á næsta skólaári, bæði á haust- og vormíssi.



Mynd 12. Diplómanám í Kennslufræði háskóla er fimm ára í ár og sjötti hópurinn í fyrsta námskeiðinu lauk námi í lok árs. Mynd Kristinn Ingvarsson.


Umsóknarfrestur um nám í háskólakennslufræði er til 15. apríl og október ár hvert. Háskólakennarar geta sótt einstök námskeið innan námsleiðarinnar. Margir hafa eingöngu tekið *KEN212F Inngangur að kennslufræði háskóla*, en námskeiðið gefur góða innsýn í kennslufræði háskóla og styrkir starf háskólakennara. Námskeiðið er tilgreint sem þáttur í umsókn um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við skólann. Í 9. grein þessara reglna nr. 263/2010 segir: „Einnig skal umsækjandi um ótímabundna ráðningu hafa lokið stuttu námskeiði í kennsluaðferðum og -tækni við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands eða hafa hlotið hliðstæða þjálfun á öðrum viðurkenndum vettvangi.“ Sjá nánar: Reglur um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands, nr. 263/2010, sjá nánar: http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_263_2010.

Mun færri kennarar velja að klára diplómuna. Þannig hafa 26 manns lokið 30 eininga diplómu í háskólakennslufræði og eru þeir kennarar af öllum fræðaviðum Háskóla Íslands auk þátttakenda frá Listaháskóla Íslands og Bifröst. Öðru námskeiðinu um skipulagningu námskeiða, námsmat og mat á eigin námi hafa 43 lokið og 93 manns hafa lokið fyrsta námskeiðinu um inngang að háskólakennslufræði. Þátttakendur í fyrsta námskeiðinu koma af öllum fræðasviðum háskólans auk þess sem allir háskólar í landinu eiga fulltrúa þar.



Mynd 13. Fjöldi þeirra sem tekið hafa 10 einingar í kennslufræði háskóla eftir fræðasviðum HÍ.

Þessu til viðbótar stunda nú tíu manns nám til diplómaprófs. Námskeiðið er heils árs námskeið þar sem þátttakendur gera rannsókn í háskólakennslufræðum sem þeir birta og kynna á almennum vettvangi. Lok námsins eru á vordögum 2016. Þrettán manns eru skráðir í skipulag námskeiða á vormisseri 2016 og ljúka því einnig á vordögum.



Mynd 14. Hlutfall þeirra sem lokið hafa diplóma í háskólakennslufræði, 30 einingar, eftir fræðasviðum HÍ. Alls 26 manns, þar af þrír af Félagsvísindasviði, sex af Heilbrigðis- og Hugvísindasviðum, þrír af Menntavísindasviði og fjórir af Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Að auki hafa fjórir frá öðrum skólum í landinu lokið diplómanámi í háskólakennslufræðum.

Námið er auglýst á hverju vori fyrir alla háskólakennara. Umsóknarfrestur er til 15. apríl. Kennarar sem eru fastráðnir við Háskóla Íslands fá 40 tíma kennsluafslátt að loknu fyrsta námskeiðinu. Einnig greiðir skólinn styrk til að koma á móts við innritunargjöld. Vegna þessa þurfa kennarar samþykki fræðasviðsforseta til að sækja um nám í háskólakennslufræði. Kennslumiðstöð tekur að sér að sækja um samþykki fræðasviðsforseta fyrir umsækjendur.

Kennsluþróun og námskrá

Námskrá Kennslumiðstöðvar 2015

Kennslumiðstöð heldur árlega fjölda námskeiða og vinnustofa um viðfangsefni sem talin eru mikilvæg til að styðja kennara í kennsluþróun. Viðfangsefni námskeiða eru ýmist valin með hliðsjón af ábendingum kennara og deilda, í samræmi við kennslustefnu Háskólans og/eða óformlegar þarfagreiningar Kennslumiðstöðvar. Námskeiðin eru flest skipulögð með kennara í huga en þá hafa einnig verið haldin sérstök námskeið og vinnustofur fyrir stjórnendur og fyrir nemendur sem sinna aðstoðarkennslu. Þá hafa starfsmenn Kennslumiðstöðvar komið að námskeiðum með Starfsmannasviði. Námskeiðin eru frá því að vera klukkustundarlangar kynningar upp í sex tíma vinnustofur. Oftast er þó um tveggja til þriggja tíma vinnustofur að ræða.




Mynd 15. Frá vinnustofu Kennslumiðstöðvar um virka kennsluhætti.

Almenn námskeið sem haldin hafa verið og auglýst á meðal kennara Háskóla Íslands og sum einnig fyrir kennara annarra háskóla á þessu ári eru: Virkir kennsluhættir, Kennsla í stórum hópum, Turnitin-

kynningar, Kennsluáætlanir og gerð þeirra, Moodle-námskeið, Mat á gæðum kennslu, Kennslukaffi, Upplýsingatækninámskeið, Virkir nemendur, Fjölbreytt námsmat og endurgjöf, Kynningardagur fyrir nýja kennara, Kynningar á Panopto-upptökuforriti, Raddþjálfun fyrir kennara, Skjákyrningar – eitthvað annað en Power Point, Office 365, Vinnustofa um skólastofu framtíðarinnar, Community-Engaged Learning in the Academy: Determining the Ends to the Spectrum, Samfélagsmiðlar í kennslu, Matskvarðar: Yfirferð skriflegra verkefna og ritgerðaspurninga á prófi, mat og endurgjöf, Ritun hæfniviðmiða og námsmat, námskeið fyrir dæmatímakennara, námskeið fyrir aðstoðakennara, Skýjalausnir og UT-námskeið þar sem meðal annars var farið yfir samfélagsmiðla, skjákyrningar og ýmiss konar veflæg verkfæri sem stuðla að virkni nemenda. Allt í allt hefur Kennslumiðstöð haldið 55 námskeið sem 684 hafa sótt, þó ekki svo margir einstaklingar heldur eru 448 manns að baki þessum tölum.

Þátttakendur skrá sig á námskeið og geta fengið yfirlit yfir hvaða námskeið þeir hafa sótt til að telja fram í framtali starfa ár hvert. Um sjötíu kennarar nýttu sér þessa þjónustu Kennslumiðstöðvar árið 2015.

Einnig ber að athuga að sum fræðavið hafa eigin fræðslunefnd sem Kennslumiðstöð kemur að með beinum eða óbeinum hætti. Námskeið og vinnustofur sem þessar eru ekki endilega skráðar í gagnagrunn Kennslumiðstöðvar en viðkomandi fræðasvið heldur utan um það. Þetta á við um Verkfræði- og náttúruvísindasvið auk Félagsvísindasviðs.



Mynd 16. Á myndinni er ekki tekið tillit til þess hversu margir kennarar eru í hverri deild.

Að auki hefur Kennslumiðstöð komið að stuðningi með sérfræðiaðstoð inni á fræðasviðum og í deildum, s.s. aðstoð við námskrágerð, námsmat, endurgjöf, nemendamiðaða kennsluhætti og hæfniviðmið svo fátt eitt sé nefnt. Þá eru dyr miðstöðvarinnar ætíð opnar fyrir einstaka kennara að líta við í ráðgjöf og samræður um kennslu og kennslutengd efni og hafa kennarar verið duglegir við að nýta sér það og pantað tíma eða kíkt inn ef þeir eiga leið hjá.

Samstarf við fræðasvið

Kennslumiðstöð leggur áherslu á að vinna með fræðasviðum og deildum háskólans og að laga fræðslu og ráðgjöf að sérstöðu og óskum þeirra.

Kennslumiðstöð vinnur náið með Félagsvísindasviði og hefur m.a. komið að *Kennsluborði Stjórn málafræðideildar* sem er vettvangur kennara í deildinni til að ræða kennslu og kennslutengd mál með aðkomu ýmissa fagaðila. Einnig hafa Félagsvísindasvið og Hugvísindasvið byggt upp fræðslunámskrá sína í tengslum við Kennslumiðstöð og miðstöðin hefur haldið valin námskeið fyrir kennara og starfsfólk fræðasviðanna. Kennslupróunardagur á Heilbrigðisvísindasviði var skipulagður í tengslum við Kennslumiðstöð með vinnustofu um skýjalausnir og lausnamiðuð úrræði í kennslu, svo og doktorsdagur, þar sem fjallað var um fræðslu fyrir leiðbeinendur doktorsnema á fræðasviðinu og leiðir til úrbóta ræddar. Töluverð tengsl eru við Verkfræði- og náttúruvísindasvið og haldin eru þar námskeið og vinnustofur fyrir kennara og aðstoðarkennara. Náin samvinna er við Menntavísindasvið og hefur tæknimaður Kennslumiðstöðvar aðsetur á fræðasviðinu, auk þess sem verkefnastjóri á Menntavísindasviði er hluti af Moodle-teymi Háskóla Íslands.



Mynd 17. Kennslumiðstöð er í samstarfi við Hugvísindasvið varðandi kennslupróun á fræðasviðinu. Mynd GG.

Misjafnt er hverjir tengiliðir Kennslumiðstöðvar eru á fræðasviðum, á Verkfræði- og náttúruvísindasviði er það Anna Helga Jónsdóttir sem sinnir þar kennslupróun og Sigdís Ágústsdóttir verkefnastjóri, á Hugvísindasviði er það Ásdís Guðmundsdóttir kennslustjóri og Steinunn Kristjánsdóttir formaður kennslunefndar Hugvísindasviðs. Kolbrún Eggertsdóttir kennslustjóri er tengiliður á Félagsvísindasviði auk einstakra kennara. Önnur fræðasvið hafa ekki verið með fasta tengiliði en kennarar, stjórnslá eða formenn námsnefnda hafa verið í sambandi við Kennslumiðstöð vegna verkefna þar.

Stofnfundur samtaka um kennsluþróun á háskólastigi

Samtök um kennsluþróun í háskólum á Íslandi voru stofnað 24. nóvember 2015. Stofnmeðlimir eru vel á þriðja tuginn og frá öllum háskólum á Íslandi. Tilgangur félagsins er að stuðla að þróun kennsluhátta í háskólum á Íslandi og efla samstarf og samskipti þeirra sem starfa að kennsluþróun á háskólastigi. Þessu hyggjast samtökin ná fram með því m.a. að efla faglega umræðu um kennsluþróun í íslenskum háskólum, efla rannsóknir á sviði kennsluþróunar á háskólastigi, styrkjasamvinnu þeirra aðila sem vinna að kennsluþróun á háskólastigi og taka virkan þátt í umræðu um kennsluþróun á alþjóðavísu. Stjórn samtakanna mynda Guðrún Geirsdóttir HÍ, formaður, Auðbjörg Björnsdóttir HA, Jón Freyr Jóhannsson HB, Ingibjörg Þórisdóttir LHÍ og Ásrún Matthíasdóttir HR.

Það er styrkur af því að samtök um kennsluþróun á háskólastigi hafi verið stofnuð á Íslandi. Það gefur tækifæri til frekara samstarfs innanlands sem utan. Nú þegar eru tengsl við Nordic-Baltic Network for Higher Educational Development og vettvangur er hér með fundinn fyrir frekari þróun í þessa átt hér á landi.



Mynd 18. Frá stofnun samtaka um kennsluþróun á Íslandi. Mynd AKH.

Þróunarverkefni og -ráðgjöf

Vinna vegna sjálfsmats Háskóla Íslands

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands hefur komið að vinnu við sjálfsmat háskólans með þeim hætti að hlusta eftir röddum nemenda þeirra deilda sem eftir því hafa óskað. Vinna þessi byrjaði vorið 2013 og hefur miðstöðin talað við hundruð nemenda í þrettán deildum á öllum fræðasviðum og á öllum menntunarstigum. Í tengslum við það starf hafa kynningar á niðurstöðum oft leitt til frekari umræðu og jafnvel samstarfs um kennsluþróun. Þá hefur Kennslumiðstöð staðið að vinnustofum fyrir deildarforseta vegna sjálfsmats í samstarfi við gæðastjóra. Að auki situr Guðrún Geirsdóttir dósent á MVS og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar í úttektaarnefnd Háskóla Íslands.

Nefndir og ráð

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar HÍ situr í ýmsum ráðum og nefndum á vegum skólans, opinberu háskólanna, menntamálayfirvalda og erlendu samstarfi um kennsluþróun. Árið 2015 áttu fulltrúar Kennslumiðstöðvar sæti í eftirfarandi nefndum:

Fjarnámsnefnd, nefnd á vegum háskólaráðs, Ása Björk Stefánsdóttir
Kennlumálanefnd háskólaráðs, Guðrún Geirsdóttir
Úttektarnefnd Háskóla Íslands, Guðrún Geirsdóttir
Opinberir háskólar, Ása Björk Stefánsdóttir, Guðrún Geirsdóttir og Sigurður Jónsson
Moodle-teymi, Rúnar Sigurðsson og Bjarndís Fjóra Jónsdóttir
Ritstuldarvarnir, samstarf allra íslenskra háskóla, Sigurður Jónsson
Ugla, Rúnar Sigurðsson
Viðmið um hæfniramma, Menntamálaráðuneyti, Elva Björg Einarsdóttir

Þá situr Guðrún Geirsdóttir í s.k. Bolognanefnd sem er sameiginleg nefnd háskólastigsins.

Samstarf

Drjúgar vinnustundir í Kennslumiðstöð fara í samstarf við stofnanir, einingar og einstaklinga sem koma að gæðum náms og kennslu á einn eða annan máta.

Starfsmannasvið. Kennslumiðstöð er í samstarfi við Starfsmannasvið Háskóla Íslands vegna innleiðingar mentorakerfis fyrir nýja akademíska starfsmenn. Samstarfið hófst 2014 og unnið er að því jafnt og þétt að festa það í sessi. Einnig hefur miðstöðin komið að kynningu vegna ótímabundinna ráðninga akademískra starfsmanna við skólann.



Mynd 20. Fundur með mentorum. Mynd GG.

Opinberir háskólar. Opinberir háskólar á Íslandi eru Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Háskóli Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri. Tvær stöður starfsmanna við Kennslumiðstöð tengjast beint opinberu háskólunum á Íslandi og er samstarf við þá töluvert. Ritstuldarvarnir (Turnitin)

fyrir opinberu háskólana eru þjónustaðar frá Kennslumiðstöð og námskeiðahald varðandi þær og aðra þætti tengda kennslubrúun og kennslu einnig. Fleiri starfsmenn miðstöðvarinnar koma að þessari þjónustu og ráðgjöf. Þá er námskeið í háskólakennslu opið kennurum allra háskóla í landinu.

Sambland.is er samskipta- og upplýsingavefur opinberu háskólanna á Íslandi sem unnið hefur verið að í samvinnu opinberu háskólanna fjögurra. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um kennslumál ásamt öflugri samskiptasíðu þar sem kennarar geta skipst á skoðunum um kennslumál eða aflað sér upplýsinga. Kennslumiðstöð Háskóla Íslands sér um viðhald vefsins og þar eru Sigurður Jónsson, Rúnar Sigurðsson og Anna Kristín Halldórsdóttir lykilmanneskjur.



Mynd 19. Samstarf við opinberu háskólana er töluvert. Hér er mynd frá heilsdags vinnusmiðju um að efla hæfni nemenda í blönduðu námi á Hvanneyri á vordögum 2015. Mynd ÁBS.

Miðstöð framhaldsnáms. Kennslumiðstöð vinnur að stuðningi við leiðbeinendur í doktorsnámi í samstarfi við Miðstöð framhaldsnáms.

Samstarf er við Reiknistofnun Háskóla Íslands um þjónustu við kennslukerfi háskólans. Reiknistofnun sér um hýsingu á námsumsjónarkerfum háskólans eins og Uglu og Moodle. Kerfisstjórn á kerfum sem eingöngu eru notuð til kennslu eins og Moodle og Panopto upptökukerfi er einnig unnin í samstarfi við Reiknistofnun, enda hafa þarfir kennara og nemenda mikil áhrif á þá kerfisstjórn. Panopto tók við af eMission sumarið 2015. Reiknistofnun sér um hýsingu á öllum gögnum er tengjast námi og kennslu, s.s. eMission. Tæknileg framkvæmd á kennslukönnun háskólans er unnin í samstarfi við Reiknistofnun, en Kennslumiðstöð sér um að setja þá könnun af stað.

Stefnumótun og framtíð

Kennslumiðstöð hefur nú í nokkurn tíma lagt áherslu á það að vinna náið með fræðasviðum og styðja við kennsluþróun þar. Á haustdögum vann Kennslumiðstöð að stefnumótun til framtíðar. Mikilvægt er að fræðasvið verði að nokkru leyti sjálfbær með grunnþjónustu við kennara og hyggst Kennslumiðstöð markvisst efla faglegt samstarf við fræðasvið um þróun kennslu. Samstarfið felst í því að ákveðnir aðilar á fræðasviðum taka að sér grunnþjónustu en hafa bakland og stuðning frá Kennslumiðstöð sem fundar reglulega með þeim. Með þessu móti færist þjónustan nær fræðasviðum, hana má betur sníða að þörfum hvers og eins fræðasviðs auk þess sem sviðunum gefst tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru t.d. varðandi þróun námsumsjónarkerfa, ritstuldarvarna og kennsluþróunar almennt. Kennslumiðstöð mun sjá um alla flóknari þjónustu og vinna náið með fræðasviðum að kennsluþróun. Áformað er að hrinda stefnumótuninni í framkvæmd strax á næsta ári og að vor 2016 verði slíkt samstarf komið á við fyrsta fræðasviðið.

Kennslumiðstöð vill leggja mat á gæði verkefna með því að kanna betur hver árangur þeirra er og áformuð er t.d. könnun á diplómanámsleið í kennslufræði háskóla. Niðurstaða er að vænta á vordögum 2016.

Kennslumiðstöð hefur sett sér markmið um að skrá verkferla og er í raun byrjuð á því, t.d. ferli námskeiðahalds: Hvernig þarfagreining námskeiða á sér stað, undirbúningur, skráning, auglýsing, framkvæmd og eftirfylgni. Kennslumiðstöð vill vinna verkefnið áfram þannig að að loknu námskeiði sé efni þess aðgengilegt á vef og nýtist þannig fleiri en ella. Með þessum hætti verður starfsemin einnig bæði gagnvirkari og skilvirkari. Farið verður markvisst yfir verkefni miðstöðvarinnar og verkferlar unnir.